


Fjallabyggð



**FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012
08 - HREINLÆTISMÁL**

Fjárhagsáætlun 2012

Inngangur

Heilbrigðismál eru lögbundin hlutverk sveitafélaga, þeim er hinsvegar heimilt að útvista einstökum verkefnum en hafa þá eftirlit og yfirumsjón með framkvæmd verkefnanna. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að koma málum sem heyra undir þennan málaflokk í fastar skorður með útboðum og föstum samningum. Þar af leiðir að lítið svigrúm er til breytinga á einstökum liðum og hækkanir fylgja verðlagi. Undir málaflokkinn heilbrigðismál eru heilbrigðiseftirlit, sorpmál, meindýravarnir og eftirlit með hunda og kattahaldi.

Heilbrigðiseftirlit

Við opnun ganganna milli bæjarkjarna var tekin sú ákvörðun að sameina heilbrigðiseftirlit undir ein hatt. Áður var fyrirkomulagið þannig að Heilbrigðiseftirlit norðurlands eystra (HNE) sá um eftirlit í Ólafsfirði en Heilbrigðiseftirlit norðurlands vestra (HNV) um Siglufjörð. HNV bauð Fjallabyggð það að taka yfir eftirlit með Ólafsfirði og lagði til að kannað yrði sá möguleiki að stofna hlutastarf í heilbrigðiseftirliti með aðsetur í Fjallabyggð, viðkomandi sæi þá um afmörkuð verkefni á starfsvæði HNV. Bæjarráð samþykkt tilhögunina en verkefnið hefur ekki náð fram að ganga nema að umhverfisfulltrúi hefur í örfá skipti sinnt tilfallandi smáverkefnum.

Sorpmál

Sorpmál fóru í útboð 2009 og í kjölfarið samið við Íslenska Gámafélagið ehf. (ÍG) sem þjónustuaðila vegna sorphirðu fyrir sveitafélagið. ÍG sér um sorphirðu frá heimilum og stofnunum bæjarins. Fyrirtæki og aðrar stofnanir sjái um förgun á sínu sorpi í staðin greiða þau ekki sorphirðugjöld til sveitafélagsins.

Samningur við ÍG er þrískiptur, þ.e. rekstur gámasvæða, sorphreinsun og sorphirðun/endurvinnsla. Svigrúm til lækkunar í þessum flokki er lítið sem ekkert þar sem allar tölur eru fastar í samningum sem fylgja verðlagi. Það skírir hækkun á þessum lið um kr. 1.550.000- annað sem kemur til hækkunar er 1.740.000- kr. leiga á húsnæði á gámasvæðinu í Ólafsfirði, það er leigt af eignasjóði.

Ekki er gert ráð fyrir frekari hækkun á sorphirðugjöldum og að auki hefur þeim fækkað sem borga sorphirðugjald.

Meindýraeyðing

Um árabíl hefur verið kallaður til meindýraeyðir þegar við á, ekki er til áætlun um útrýmingu á meindýrum. Rottueyðing hefur farið þannig fram að meindýraeyðir hefur komið og sett út eitur á völdum stöðum og skilið eftir eitur hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar sem hafa síðan bætt á þar sem þurfa þykir hverju sinni. Það er hinsvegar ekki til markviss áætlun um að kortleggja ástandið í Siglufirði (það er búið að útrýma rottum í Ólafsfirði). Í byrjun

september var ákveðið að taka upp nýtt verklag og ákveðið að óska eftir tilboðum og hugmyndum að verkáætlun frá þremur meindýraeyðum. Ákveðið var að semja við Meindýravarnir Eyjafjarðar ehf. um rottueyðingu í Fjallabyggð.

Eftirlit með hunda og kattahaldi

Hunda og kattahald er í höndum tæknideildar og búfjáreftirlitsmanns. Árlega kemur dýralæknir og sér um hundahreinsun. Í nýrri kattasampykkt sem er í vinnslu er gert ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði tekið upp varðandi ketti.

Fjárhagsáætlun

Hér á eftir fer tillaga að fjárhagsáætlun fyrir Hreinlætismál Fjallabyggðar

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir hækkun framlags til hreinlætismála um 2.339.000 frá úthlutuðum ramma eða úr 13.097.000 í 15.436.000.

Tekjur

Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 290.000 milli ára. Hækkunin stafar af hækkun á hundaleyfisgjaldi sem fyrirhuguð er á næsta ári. Heildartekjur hreinlætismála eru 30.698.000.

Rekstrarniðurstaða

Rammaúthlutun:		Áætlun
Aðrar tekjur	33.408.000	31.648.000
Annar rekstrarkostnaður	46.505.000	47.084.000
Rekstrarniðurstaða gjöld umfram tekjur	13.097.000	15.436.000

Deildarstjóri tæknideildar